

Áfallaáætlun Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar

Í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar hefur sett saman aðgerðaáætlun sem tekur til margvíslegra áfalla og gerir áfallateymi mögulegt að bregðast hratt og fumlaut við þegar áföll verða. Í áfallaáætlun skólans eru upplýsingar um hvernig bregðast skuli við slysum og öðrum alvarlegum áföllum sem upp kunna að koma. **Ef áföll verða sem tengjast nemendum skólans eða aðstandendum þeirra er áriðandi að það sé tilkynnt skólastjórnendum eins fljótt og auðið er.**

Áföll teljast:

- Alvarleg slys (nemanda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).
- Alvarleg veikindi (nemanda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).
- Langvinnir sjúkdómar (nemanda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).
- Andlát (nemanda, aðstandenda þeirra, starfsfólks eða maka starfsfólks).

Áfallaráð:

Nemendaverndarráð gegnir hlutverki áfallaráðs skólans. Nemendaverndarráð er skipað skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, umsjónarmanni sérkennslu, skólahjúkrunarfræðingi, fulltrúa barnaverndar og fulltrúa frá Skólaskrifstofunni.

Áfallaráð kallar til eftirtalda aðila (og aðra) eftir því sem þurfa þykir.

- Umsjónarkennara
- Sóknarprest
- Skólasálfræðing
- Fulltrúa félagsþjónustu
- Fulltrúa björgunarsveitar
- Rauða krossinn

Hlutverk áfallaráðs

Meginhlutverk áfallaráðs er gerð vinnuáætlunar (sjá gátlista) svo bregðast megi fumlaut og af öryggi við þegar áföll hafa orðið s.s. bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð. Lykilatriði er að til sé skýr og afdráttarlaus vinnuáætlun um hver sinni hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig beri að bregðast við í hverju einstöku tilviki. Mikilvægt er að huga vandlega að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni. Áfallaráð skal sjá til þess að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum.

Áfallaráð skal sjá til þess að kennarar og annað starfsfólk fái stuðning og hjálp. Ef áfall verður meðan nemendur eru í skólafríum, kemur áfallaráð saman við fyrsta tækifæri og metur hvort og að hvaða leyti áfallaáætlun á við.

Nemendur

Langvinnir sjúkdómar/alvarleg veikindi nemenda

Hvernig skal bregðast við:

- Tilkynning berst til skóla og tryggt að upplýsingar komist til skólastjórnaenda.
- Skólastjóri hefur samband við heimilið og býður þá aðstoð sem er í valdi skólans að veita og upplýsir um áfallaáætlun skólans.
- Áfallaráð og umsjónarkennarar nemandans ákveður hvernig taka skuli á málinu og metur hve mikið og hvernig vinna skal með þann námshóp sem nemandinn tilheyrir og aðra nemendur skólans.
- Starfsfólki og skólafélögum er greint frá því ef nemandi þarf að vera langdvölum í burtu frá skóla vegna alvarlegra veikinda.
- Aðilar úr áfallaráði ásamt umsjónarkennurum ræða við og vinna með nemendum sem tengjast málinu eftir aðstæðum.
- Umsjónarkennarar og áfallaráð meta það í samráði við fjölskyldu hins veika hvaða stuðning sé æskilegt að veita frá skólanum.
- Athuga skal hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar.
- Sýna aðstæðum virðingu án þess að gera meir úr þeim en þarf, m.a. geta samnemendur og starfsfólk sent kveðjur.

Þegar nemandi kemur aftur í skólann:

- Undirbúa þarf starfsfólk skólans og skólafélaga undir það hvernig taka skuli á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann til að auðvelda nemandanum endurkomuna.
- Umsjónarkennari ásamt aðila úr áfallaráði ræða við nemandan og aðstandendur hans áður en hann kemur í skólann.
- Umsjónarkennari veitir viðkomandi nemanda sérstaka athygli næstu vikur.

Alvarlegt slys á nemanda

Slys nemenda sem verða í skólanum:

- Verði alvarlegt slys á nemanda á skólatíma skal skólastjóri eða umsjónarkennari hafa samband við forráðamenn sem allra fyrst.
- Áfallaráð fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við.
- Aðilar úr áfallaráði ásamt umsjónarkennara ræða við nemendur sem tengjast málinu.

- Ef skólasystkini hafa tengst slysinu þarf að sinna þeim sérstaklega og hafa samband heim til þeirra.
- Starfsfólki og nemendum er greint frá slysinu.
- Skólastjórnendur gæta þess að enginn fari heim úr skólanum með rangar eða misvísandi upplýsingar um neinn þátt málsins. Í því sambandi gæti þurft að senda bréf með helstu upplýsingum heim með nemendum eða hringja.
- Ef um alvarlegt slys er að ræða er haldinn fundur með kennurum og starfsfólki skóla þar sem farið er yfir staðreyndir málsins.
- Sýni fjölmiðlar áhuga, er skólastjóri eða staðgengill hans eini tengiliður skólans við þá. Allir aðrir skulu vísa á hann varðandi allar upplýsingar.

Slys nemenda sem verða utan skólatíma:

- Áfallaráð fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við.
- Starfsfólki og skólafélögum er tilkynnt um slysið.

Næstu dagar:

- Tryggja að upplýsingastreymi verði til skólans en það er afar mikilvægt.
- Umsjónarkennarar/skólastjórnendur komi upplýsingum til nemenda og starfsfólks.
- Athuga skal hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar.
- Sýna atburðinum virðingu án þess að gera meira úr honum en nauðsynlegt er, m.a. geta nemendur og starfsfólk sent kveðjur.

Þegar nemandi kemur aftur í skólann:

- Undirbúa þarf starfsfólk skólans og skólafélaga undir það hvernig taka skuli á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann.
- Umsjónarkennari ásamt aðila úr áfallaráði ræða við nemandann og aðstandendur hans áður en hann kemur aftur í skólann.
- Umsjónarkennari veitir viðkomandi nemanda sérstaka athygli næstu vikur.

Andlát nemanda

- Skólastjóri sér um að afla staðfesta upplýsinga um atburðinn og hefur samband við heimilið.
- Áfallaráð kallað saman á stuttan fund þar sem fólk skiptir með sér verkum og ákveður fyrstu viðbrögð skólans. **Ath! Bera skal allar aðgerðir skólans undir viðkomandi forráðamenn til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi.**
- Gæta skal þess að nánin skyldmenn hins látna, sem eru við nám eða störf við skólann, fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn.
- Skólastjórnendur og aðilar úr áfallaráði tilkynna andlátinu. Starfsfólk skólans kallað saman.
- Mikilvægt er að allir fái fregnina samtímis.
- Skólastjóri eða annar aðili tilkynnir nemendum skólans andlátinu á sal eða í minni hópum, skv. ákvörðun áfallaráðs. Hlúð er að nemendum eins og hægt er með aðstoð áfallaráðs og þeim aðilum sem hafa verið kallaðir til.

- Skapaðar eru aðstæður kyrrðar í skólanum, allir saman á sal (starfsfólk og nemendur) eða í minni hópum. Þar verði kveikt á kerti og beðin bæn.
- Skólinn dregur fána í hálfa stöng þegar búið er að tilkynna nemendum andlátíð.
- Umsjónarkennarar hafi samband við heimili nemenda og tilkynna forráðamönnum nemenda um atburðinn þannig að þeir viti um aðstæður þegar nemendur koma heim.
- Áfallaráð fundi og taki ákvörðun um skipulag skólahalds næstu daga, semji m.a. bréf sem sent verði heim með nemendum.

Vinna í skólanum sama dag:

- Umsjónarkennarar verði með sínum námshópi það sem eftir er skóladags.
- Logandi kerti haft í kennslustofunni.
- Nemendum gefið tækifæri til að ræða um atburðinn (lífið og dauðann).
- Utanaðkomandi aðilar aðstoða eftir þörfum.
- Mikilvægt að ritari skólans athugi hvaða nemendur voru ekki í skólanum þennan dag, svo hægt sé að upplýsa þá um málið.
- Bréf sent heim til forráðamanna nemenda þar sem þeim er greint frá því hvernig skólastarfið verði næstu daga.
- Í lok dagsins fundar áfallaráð ásamt starfsfólki, þar sem farið er yfir stöðuna og áætlanir gerðar um áframhaldandi vinnu.
- Áfallaráð ákveður og skipuleggur hvernig unnið verður með starfsfólki skólans og upplýsir starfsfólkið um það á sameiginlegum fundi. Kyrrðarstund höfð í skólanum fyrir starfsfólk.
- Mikilvægt er að starfsfólk skólans og þeir sem eru að vinna sérstaklega með nemendum fái sjálfir stuðning og hjálp.
- Fulltrúar skólans fara í heimsókn til aðstandenda viðkomandi nemanda með samúðarkveðju næstu daga á eftir.
- Skólastjórnendur, umsjónarkennarar eða aðrir fulltrúar skólans skrifa minningargrein og kveðjur frá skólanum.

Vinna með nemendum í skólanum næstu daga:

- Umsjónarkennarar taka á móti sínum námshópum næstu daga.
- Logandi kerti haft á ákveðnum stað í skólanum fram yfir jarðarför (mynd og blóm?)
- Náms hópur/bekkur útbýr samúðarkveðju og/eða skrifar minningargrein. Einnig geta börnin teiknað myndir, skrifað bréf, ljóð eða sögur.
- Nemendum greint frá hvað gerist næstu daga þ.e. kistulagning og jarðarför (gott að fá aðstoð sóknarprests).
- Ef skólafélagar barnsins verða við jarðarförina, þarf að undirbúa það vandlega í samráði við forráðamenn barnsins. Nauðsynlegt er að forráðamenn nemenda fari með börnum sínum í jarðarförina/minningarathöfnina. Sóknarprestur getur hugsanlega komið inn í námshópana og sagt frá því hvernig útförin fer fram.
- Kennslustundir næstu daga þarf að brjóta upp, ef spurningar vakna, eða ef fram koma viðbrögð sem sýna sorg, reiði, örvæntingu eða sektarkennd. Kennarar sjá til þess að nemendur fái að tjá tilfinningar sínar og koma með eigin reynslusögur.
- Sorginni er gefinn tími.

- Þegar frá líður þarf að muna eftir dagsetningunni.

Aðstandendur

Alvarleg veikindi aðstandenda nemanda

- Skólastjórnendur eða umsjónarkennari fær staðfestingu á veikindunum hjá forráðamanni nemandans.
- Upplýsingum komið til starfsfólks skólans og samnemenda ef það er talið rétt.
- Áfallaráð fundar um málið og ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu.

Alvarleg slys aðstandenda nemanda

- Skólastjórnendur eða umsjónarkennari fá staðfestingu á slysinu hjá forráðamanni nemandans.
- Upplýsingum komið til starfsfólks skólans og samnemenda ef það er talið rétt.
- Áfallaráð fundar um málið og ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu.
- Aðilar úr áfallaráði aðstoða umsjónarkennara við að undirbúa námshópinn undir það hvernig skólafélagar styðja best við nemandann sem hlut á að máli. Það auðveldar nemandanum að takast á við aðstæður.

Andlát aðstandenda nemanda

- Skólastjóri aflar staðfesta upplýsinga um atburðinn.
- Umsjónarkennurum nemandans tilkynnt um atburðinn.
- Áfallaráð kallað saman þar sem ákveðin eru fyrstu viðbrögð skólans og þau skref sem skólinn stígur. **Ath! Bera skal allar aðgerðir skólans undir forráðamenn nemandans til samþykkis og mikilvægt er að hafa þá með í ráðum frá upphafi.**
- Athuga þarf hvort nán skyldmenn/vinir hins látna séu við nám eða störf við skólann og láta þá vita sérstaklega.
- Skólastjórnendur og aðilar úr áfallaráði tilkynna starfsfólki skólans um atburðurinn.
- Skólastjóri og umsjónarkennari koma upplýsingunum til skólasystkina nemandans.
- Umsjónarkennarar stjórna áframhaldandi vinnu í námshópunum. Tryggja þarf að þeir geti hvenær sem er leitað aðstoðar aðila úr áfallaráði. Sérstaklega þarf að hyggja að þeim nemendum sem hafa sjálfir gengið í gegnum áfall þegar um málið er fjallað.
- Mikilvægt er að halda tímamörk stundatöflu,- nemendur fá þó leyfi ef forráðamenn óska þess.
- Samnemendur útbúa samúðarkveðju.
- Skólinn sendir samúðarkveðju til nemandans og fjölskyldu hans.
- Ræða þarf í áfallaráði og í samráði við ættingja hvort fulltrúar skólans eða nemendur verði viðstaddir jarðarförina.

- Aðilar úr áfallaráði aðstoða umsjónarkennara við að undirbúa námshópin undir það hvernig skólafélagar taka á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann til að auðvelda nemandanum endurkomuna.
- Hlúð er að nemandanum sem í hlut á í skólanum eins lengi og þurfa þykir, m.a. með viðtölum. Tryggja þarf utanaðkomandi aðstoð (skólasálfræðingur, sóknarprestur, skólahjúkrunarfræðingur) ef þurfa þykir. Allir nemendur sem í þessari aðstöðu lenda fá a.m.k. tvö áfallaviðtöl hjá skólasálfræðingi.

Starfsfólk skólans

Alvarleg veikindi starfsmanns skólans

- Skólastjóri/áfallaráð ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann hvernig nemendum og öðru starfsfólki skuli tilkynnt veikindin.

Alvarleg slys starfsmanns skólans

- Áfallaráð ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann eða aðstandendur hvernig nemendum og öðru starfsfólki skuli tilkynnt um atburðinn.

Andlát starfsmanns

- Skólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð.
- Áfallaráð fundar um hvernig tilkynna eigi starfsfólki og nemendum andlátíð og hver verða næstu skref.
- Nánnum skyldmönnum/vinum hins látna, sem eru við nám eða störf við skólann tilkynnt fregnin sérstaklega – ekki yfir hópinn. Einnig nánustu samstarfsmönnum.
- Skólastjóri og aðilar úr áfallaráði upplýsa allt starfsfólk skólans um andlátíð, einnig þá sem fjarverandi eru.
- Umsjónarkennarar með aðstoð aðila úr áfallaráði eða utanaðkomandi upplýsa nemendur skólans um andlátíð, einnig þá sem fjarverandi eru.
- Áfallaráð tekur ákvörðun um hvernig upplýsingum skuli komið til forráðamanna nemenda, hvert tilvik metið fyrir sig.
- Flaggað í hálfa stöng í skólanum þegar búið er að tilkynna um andlátíð.
- Kyrrðarstund er höfð í skólanum í samráði við áfallaráð. Hver námshópur fyrir sig.
- Aðilar úr áfallaráði og til þess kallaðir aðilar veita starfsfólki og nemendum stuðning og vinna með þeim næstu daga.
- Mikilvægt er að halda tímamörk stundatöflu.
- Skólastjóri fer heim til nánustu aðstandenda starfsmanns.
- Skólinn sendir samúðarkveðju til nánustu aðstandenda.
- Kyrrðarstund er höfð í skólanum.
- Minningargrein skrifuð fyrir hönd skólans.

Andlát maka starfsmanns

- Skólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátið.
- Nánum skyldmönnum/vinum hins látna, sem eru við nám eða störf við skólann tilkynnt fregnin sérstaklega – ekki yfir hópinn
- Skólastjóri og aðilar úr áfallaráði upplýsa allt starfsfólk skólans um andlátið, einnig þeim sem fjarverandi eru.
- Umsjónarkennarar með aðstoð aðila úr áfallaráði eða utanaðkomandi upplýsa nemendur skólans um andlátið, einnig þá sem fjarverandi eru.
- Áfallaráð tekur ákvörðun um hvernig upplýsingum skuli komið til forráðamanna nemenda, hvert tilvik metið fyrir sig.
- Flaggað í hálfa stöng í skólanum þegar búið er að tilkynna um andlátið.
- Aðilar úr áfallaráði og til þess kallaðir aðilar veita starfsfólki og nemendum stuðning og vinna með þeim næstu daga eins og þurfa þykir.
- Skólastjóri fer heim til starfsmanns sem missti maka.
- Skólinn sendir samúðarkveðju til nánustu aðstandenda